



## 373. Stjórnarfundur haldinn 5. maí 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Tryggva Þór Bragason v/styrks til tíu einstaklinga vegna landliðsverkefnis U-16 og U-18 í körfu (Norðurlandamót). *Erindinu frestað. EH,SG og BS falið að kanna þann möguleika að kom á fót styrktarsjóði Keflavíkur og koma með hugmyndir af úthlutunarreglum af slíkum sjóði.*

Tölvupóstur frá Halldóri V Pálssyni Fangelsismálastofu v/ beiðni um að taka tvo einstaklinga í samfélagsþjónustu. *Móttekið og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.*

Bréf frá UMFÍ tilkynning um Vorfund á Ísafirði 27. til 28. maí. *Ákveðið að EH verði fulltrúi Keflavíkur.*

### 3. Send bréf.

Send hafa verið út boðsbréf v/ samsætis til heiðurs kvennaflokkum körfunnar.

### 4. Íþrótt- og leikjaskóli.

Stefnt að því að vera með einn leiðbeinanda og eitt námskeið. Námskeiðið yrði í júní. *EH sagði að Guðmundur Steinarsson hefði hætti við að taka að sér að vera leiðbeinandi. Framkvæmdastjóra falið að finna leiðbeinanda.*

### 5. Skráningar og greiðsluakerfi Nóri

EH sagði frá námskeiði sem haldið var og fulltrúar allra deilda nema taekwondo voru mættir. Samþykkt að gera samning um notkun á kerfinu. Framkvæmdastjóra falið málið.

### 6. Önnur mál.

Fundaplan fyrir fundi með deildum félagsins hefur verið sent út. Fyrsti fundurinn átti að vera í dag með stjórn körfuknattleiksdeildar en hefur verið frestað að beiðni þeirra.

Hátíðarfáni félagsins er orðin dapur og þyrfti að gera nýjan. Prufur af efni og uppsetning liggur fyrir.

*Samþykkt að gera nýjan hátíðarfána og framkvæmdastjóra falið að láta útbúa hann.*

EH Lagði til að Jóni Halldóri Eðvaldssyni og Jóni Kr. Gíslasyni verði veitt heiðursilfurmerki félagsins í samsæti til heiðurs kvennaflokkum í körfunni. *Samþykkt.*

Fundað verður með Stefáni Bjarkasyni og Hafsteini Ingibergssyni vegna afnota af sölum félagsheimilis.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur áhuga á að leigja af okkur sal-1 undir kennslu. Einnig að setja upp íþróttabraut í samvinnu við félagið.

PMK ræddi um fallinn dóm í Héraðsdómstóli Reykjaness v/FH. Áhugavert að skoða.

KG spurðist fyrir um stöðuna á lögum félagsins og hvort þau yrðu sett inn á heimasíðuna. EH sagði þau væru í yfirlestri og að sjálfsögðu sett inn á heimasíðuna við fyrsta tækifæri, einnig verða þau send til ÍRB, UMFÍ og ÍSÍ til umsagna.

Næsti fundur 19. maí 2011 kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

